

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita  
b/t Sigurður Hreinsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 18. desember 2019  
UST201912-098/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Nýidalur í Ásahreppi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ásahrepps er barst 9. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir skálasvæði í Nýjadal í Ásahreppi.

Í greinargerð kemur fram að markmið deiliskipulagsins er að stuðla að bættri þjónustu við ferðamenn og aðstöðu starfsmanna. Á reit S-1 eru tveir gistiskálar og geymsla, hægt er að auka byggingarmagn úr 178 m<sup>2</sup> í 400 m<sup>2</sup>. Á reit S-2 er skálavarðarhús sem verður fjarlæggt og heimilt verður að reisa 1-3 hús þar sem heildar byggingarmagn er 120 m<sup>2</sup>. Á reit WC-1 er salernishús. Auk þess eru á svæðinu, tjaldsvæði, upplýsingaskilti, áningarhólf, vatnstankur, vatnslagnir og ruslagámur.

### **Ásýnd og sjónræn áhrif - Óbyggð víðerni**

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun hafi forgöngu um að reglulega liggi fyrir uppfærð kort af umfangi og þróun víðerna á miðhálandinu og er sú vinna í gangi.


Í greinargerð kemur m.a. fram að í dag eru allir skálar málaðir í sama lit og eru áþekkir, sem tryggir ákveðinn heildarsvip. Þessi heildarsvipur er tryggður áfram með deiliskipulagsskilmálum þess efnis að útlit húsa skuli samræmt m.t.t. litavals, þakhalla og annars útlits.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að aðrar byggingar eins og vatnstankur sé hluti að heildarsvip svæðisins.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur